



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Málsnr.: R14120068
Skjalasafn Ráðhúss
08. des. 2014
Bréfalykill: 5920

Reykjavík, 8. desember 2014
2011070009
11.0

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavíkd


Tillaga um breytingu á Atvinnutorgi, dags. 4. desember 2014, ásamt ódagsettum drögum að samstarfssamningi við Vinnumálastofnun og kröfufýsingu með samningi.

Á fundi velferðarráðs þann 4. desember var lögð fram tillaga um breytingu á Atvinnutorgi, dags. 4. desember 2014, ásamt ódagsettum drögum að samstarfssamningi við Vinnumálastofnun og kröfufýsingu með samningi.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga um breytingu á Atvinnutorgi, dags 4. desember 2014, ásamt ódagsettum drögum að samstarfssamningi við Vinnumálastofnun og kröfufýsingu með samningi er hér með send borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst


Stefán Eiríksson
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 4. desember 2014
Skrifstofa: Ráðgjafarþjónustu
Unnið af: Þóru Kemp/Kristjönu
Gunnarsdóttur
Ábyrgð: Kristjana Gunnarsdóttir
Gopró nr. 2014110010

Lagt fyrir fund velferðarráðs 4. desember 2014

Tillaga

Tillaga: Lagt er til að gerður verði 2ja ára samstarfssamningu við Vinnumálastofnun með möguleika á framlengingu í eitt ár. Samningurinn felur í sér að starfssemi Atvinnutorgs verði flutt til Vinnumálastofnunar á samningstímanum, tilfærsla fjármagns er 25 m. kr. á ársgrundvelli.

Forsaga:

Í febrúar 2012 undirrituðu Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnun samstarfsyfirlýsingu um Atvinnutorg í Reykjavík en um var að ræða þriggja ára tilraunaverkefni. Hlutverk Atvinnutorgs er að þjónusta atvinnuleitendur með samræmdu og einstaklingsmiðuðum hætti óháð bóarétti. Starfsemi Atvinnutorgs byggði á lögum nr. 52/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Á Atvinnutorgi starfa 6 atvinnuráðgjafar, þrír frá Reykjavíkurborg og þrír frá Vinnumálastofnun, auk faglegs stjórnanda frá Reykjavíkurborg. Í októbermánuði 2014 tilkynnti Vinnumálastofnun að þeir myndu draga sig út úr samstarfi við Reykjavíkurborg um Atvinnutorg í óbreyttri mynd. Vinnumálastofnun lýsti yfir vilja til áframhaldandi samstarfs en taldi sig ekki geta haldið óbreyttu þjónustustigi við atvinnuleitendur án bótaréttar með fjárhagsaðstoð til framfærslum, án tilkomu fjármagns frá Reykjavíkurborg.

Greinargerð:

Þann 1. janúar 2013 var Atvinnutorg í Reykjavík fært frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar yfir til nýstofnaðar atvinnumáladeildar sem heyrir undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Markmiðið var að sameina atvinnumál Reykjavíkurborgar undir einn hatt. Í ársskýrslu Atvinnutorgs frá 2013 kemur fram að reynslan af þeim flutningi hafi reynst Atvinnutorgi vel.

Það er mat sérfræðinga á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar að góður árangur hafi náðst með starfsemi Atvinnutorgs og því eru það vonbrigði að Vinnumálastofnun hafi ákveðið að draga sig út úr núverandi samstarfi um Atvinnutorg. Tilboð Vinnumálastofnunar um að þjónusta áfram atvinnuleitendur án bótaréttar, með fjárhagsaðstoð til framfærslu, með þeim þremur

stöðugildum sem eru í Atvinnutorgi auk 3 stöðugilda frá Velferðarsviði er þó jákvætt ef hægt verður að ná fram heildstæðu andliti atvinnumála, til bóta fyrir notendur þjónustunnar. Líkur eru á að starf virkniráðgjafa og annarra ráðgjafa verði skilvirkara þegar atvinnuleitendum með fjárhagsaðstoð til framfærslu verður öllum vísað á einn stað þó svo að þjónusta atvinnumáladeildar Reykjavíkurborgar verði áfram óbreytt. Vænst er að þetta fyrirkomulag einfaldi jafnframt þjónustuna gagnvart notendum auk þess sem lýkur eru á meiri samlegð í nýtingu starfskrafta, námskeiða og úrræða. Hugmyndir eru uppi um að aldurskipta hópnum sem sækir þjónustu til Vinnumálastofnunar og er talið að það sé hagrætt fyrir notendur.

Í samstarfssamningi er áhersla lögð á að atvinnuleitendur með fjárhagsaðstoð til framfærslu fái áfram sambærilega þjónustu frá Vinnumálastofnun og veitt er frá Atvinnutorgi með þéttu utanumhald í öllu ferlinu, þ.e. bæði í atvinnuleitinni og eftirfylgdinni þegar viðkomandi er kominn í starf. Er það mat þeirra sérfræðinga sem komið hafa að hugmyndavinnu um þjónustu við viðtakendur fjárhagsaðstoðar að færa sem svarar fjármagni fyrir 3 stöðugildum atvinnuráðgjafa yfir til Vinnumálastofnunar eða 25 m.kr. Gerð hafa verið drög að kröfufylsingu og samstarfssamningi sem byggja m.a. á hugmyndafræði Atvinnutorgs um einstaklingsmiðaða þjónustu sem sýnt er að hafi skilað árangri.

Fjárhagsáætlun:

Fjárheimild atvinnumáladeildar vegna Atvinnutorgs er **33,2 m.kr.** á árinu 2015. Að því gefnu að sú fjárheimild verði flutt til Velferðarsviðs er gert ráð fyrir eftirfarandi skiptingu kostnaðar í samning við Vinnumálastofnun (VMST) annars vegar og rekstur Velferðarsviðs hins vegar:

	VMST samningur	VEL	Samtals
Laun og lt. gjöld (með akstri)	20.596.005	8.063.846	28.659.851
Skipting á öðrum rekstrarkostnaði	4.402.001	134.000	4.536.001
	24.998.006	8.197.846	33.195.852

Tafla 1: Atvinnutorg 2015

Í forsendum samnings við VMST yrði gert ráð fyrir fjármagni vegna þriggja atvinnuráðgjafa ásamt hlutdeild í öðrum rekstrarkostnaði sem tekur mið af umfram húsnæðis þarfar sem tengist eðli starfseminnar. Gert er ráð fyrir samningi við VMST um 25 m.kr. en eftir standi 8,2 m.kr. á Velferðarsviði.

Samantekt:

Frá efnahagskreppu árið 2008 hefur verið unnið markvisst að því að þjónusta fólk sem er án bótaréttar á fjárhagsaðstoð með margs konar úrræðum. Með stofnun Atvinnutorgs og aukinni og bættri samvinnu á milli stofnana hafa einstaklingar á fjárhagsaðstoð fundið sér nýjan farveg án fjárhagsaðstoðar. Með breyttu landslagi í atvinnumálum og auknum vinnumarkaðsúrræðum hefur Vinnumálastofnun ákveðið að þjónusta nú alla atvinnuleitendur óháð bótarétti. Það er starfsmönnum Velferðarsviðs ákveðin vonbrigði að Atvinnutorg verði ekki lengur til í núverandi mynd. Talið er mikilvægt að atvinnuleitendum með fjárhagsaðstoð til framfærslu verði tryggð þjónusta sem byggir á hugmyndafræði Atvinnutorgs, á vettvangi

Vinnumálastofnunar. Samhliða því er lagt til að Reykjavíkurborg leggi til sem svarar 3 stöðugildum atvinnuráðgjafa til Vinnumálastofnunar eða 25 m.kr. á ársgrundvelli á samningstímanum. Með breytingunum verður tilvísunarkerfið einfaldara og gefur aukinn möguleika á samnýtingu úrræða.

Fylgiskjöl:

1. Kröfúlýsing um þjónustu við ungt fólk með fjárhagsaðstoð til framfærslu óháð bótarétti
2. Drög að samstarfssamningi Velferðarsviðs og Vinnumálastofnunar um þjónustu við ungt fólk með fjárhagsaðstoð til framfærslu óháð bótarétti.



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík og Vinnumálastofnun, kt. 700594-2039, Kringlunni 1 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi

Samstarfssamning

um þjónustu Vinnumálastofnunar við unga atvinnuleitendur með fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg sem þurfa á umfangsmiklum stuðningi að halda. Samstarfssamningurinn byggir á kröfulýsingu um þjónustu og rekstur Vinnumálastofnunar við ungt fólk án bótaréttar með fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg.

1. gr.

Tilgangur og markmið

Í ljósi þess hversu alvarlegar afleiðingar atvinnuleysi og aðgerðarleysi geta haft á líf og heilsu fólks er mikilvægt að grípa inn í óvirkni með markvissri ráðgjöf og tilboði um þátttöku á atvinnumarkaði og úrræðum eftir því sem við á.

Þeim einstaklingum sem hafa lokið bótarétti hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og reiða sig nú á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna til framfærslu hefur fjölgað síðustu árin og má gera ráð fyrir að sú þróun haldi áfram. Mikilvægt er því að tryggja atvinnuleitendum samræmda þjónustu óháð bótarétti. Það kallar á auknið og formlegra samstarf aðila, sem á að skila sér í meiri samfellu í ráðgjöf og stuðningi ásamt því að draga úr hættu á því að einstaklingar falli á milli þjónustukerfa með þeim alvarlegu afleiðingum sem það getur haft.

Samkomulag þetta grundvallast á fyrri samningi Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar um Atvinnutorg og Stíg þar sem áhersla hefur verið lögð á ráðgjöf og stuðning við atvinnuleitendur án bótaréttar með fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg.

Markmið með þjónustunni er:

- að veita einstaklingsmiðaða starfsráðgjöf og miðla í störf
- að auka virkni atvinnuleitenda á aldrinum 16 – 29 ára sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg með markvissri ráðgjöf, viðtölum og fjölbreyttum úrræðum við hæfi
- að auka samstarf og samfellu í þjónustu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur án tillits til réttinda þeirra innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

2. gr.

Skilyrði fyrir þátttöku

Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt fyrir þátttöku í verkefninu:

- Viðkomandi atvinnuleitandi hafi lögheimili í Reykjavík og er á aldrinum 16 – 29 ára.
- Viðkomandi atvinnuleitandi sé reiðubúinn að taka tilboði um atvinnu eða starfstengt vinnumarkaðsúrræði og undirritar það með undirskrift sinni á tilvísunareyðublað sem tengiliður Reykjavíkurborgar sendir til Vinnumálastofnunar.

- Viðkomandi atvinnuleitandi hafi verið metinn vinnufær með EMS (Eigið mat á starfsgetu) af ráðgjöfum þjónustumiðstöðva sem vísa honum til Vinnumálastofnunar. Ef innan við sex mánuðir eru liðnir þrá því einstaklingur fékk síðast greiddar atvinnuleysisbætur þá telst hann vera vinnufær nema að um staðfestan heilsubrest sé að ræða.
- Atvinnuleitandi staðfestir atvinnuleit sína í hverjum mánuði með sama hætti og þeir sem eru tryggðir í atvinnuleysisstryggingakerfinu og verður að uppfylla sömu almennu skilyrði og aðrir atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun. Ef atvinnuleitandi með fjárhagsaðstoð staðfestir ekki atvinnuleit verða upplýsingar um það sendar til tengiliðs hjá viðkomandi þjónustumiðstöð.
- Atvinnuleitandi hafi sótt um islykil áður en hann mætir til ráðgjafa Vinnumálastofnunar og er það á ábyrgð ráðgjafa þjónustumiðstöðva að ganga úr skugga um það. Þetta er gert í sama viðtali og tilvísunareyðublað er undirritað.

3. gr.

Greiðslur Velferðarsviðs

Velferðarsvið greiðir Vinnumálastofnun kr. 25 milljónir á ársgrundvelli á samningstímanum eða sem samsvarar þremur stöðugildum ráðgjafa. Fjárhæðir í samningi taka breytingum skv. vísutölu launa 1. janúar ár hvert. Greiðslur fara fram 1. apríl og 1. september ár hvert.

4. gr.

Samskipti samstarfsaðila

- Velferðarsvið vísar atvinnuleitendum á aldrinum 16 – 29 ára með formlegum hætti til Vinnumálastofnunar á þar til gerðu tilvísunareyðublaði.
- Þegar tilvísun berst frá þjónustumiðstöð boðar Vinnumálastofnun atvinnuleitendur í viðtal, aðstoðar þá við skráningu á „mínum síðum“ hjá Vinnumálastofnun og gerir áætlun í máli viðkomandi atvinnuleitenda.
- Samstarfsaðilar tilnefna fasta tengiliði úr hópi ráðgjafa hjá Vinnumálastofnun og þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Samráðsfundir verða haldnir reglulega.
- Samráðshópur um verkefnið fundar á 4-6 vikna fresta sem í sitja aðilar frá Vinnumálastofnun og Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

5. gr.

Áherslur í ráðgjöf

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf: Haft verður að leiðarljósi að skoða aðstæður hvers og eins og aðstoða einstaklinga við að leggja mat á þá þætti sem hafa áhrif á starfsþróun þeirra og möguleika. Markmiðið er að ráðgjöfin stuðli að tækifærum til vinnu. Tryggð verður virkni þátttakenda a.m.k. þrisvar í viku með námskeiðum og einstaklings-/hópráðgjöf meðan á verkefninu stendur. Atvinnuleitendur í verkefninu hafa jafnan aðgang að úrræðum s.s. námskeiðum og sérfræðiaðstoð Vinnumálastofnunar til samræmis við atvinnuleitendur með bótarétt.

Starfstengd vinnumarkaðsúrræði: Áhersla verður lögð á að bjóða atvinnuleitendum í verkefninu tækifæri á starfsþjálfun eða reynsluráðningu á einkamarkaði. Vinnumálastofnun útvegar störf en Reykjavíkurborg greiðir kostnað vegna starfsþjálfunar og reynsluráðninga sem samsvarar fullri fjárhagsaðstoð til framfærslu. Í ákveðnum tilvikum getur það talist betra að einstaklingur fari í starf innan Reykjavíkurborgar og verður það gert í samráði við Atvinnumáladeild.

6. gr.

Vinnumiðlun

Þátttakendur í verkefninu verða skráðir hjá Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og eiga jafnan aðgang að tækifærum til starfa til samræmis við aðra atvinnuleitendur.

7. gr.

Stjórnun

Skipaður verði sérstakur samráðshópur verkefnisins sem í sitja fulltrúar Vinnumálastofnunar og Velferðarsviðs. Markmiðið er að fylgjast með framgangi verkefnisins og eftirfylgd samstarfssamningsins.

8. gr.

Fjármögnun og kostnaðardreifing

Vinnumálastofnun ber ábyrgð á að veita ráðgjöf og þjónustu við atvinnuleitendur sem eru viðtakendur fjárhagsaðstoðar og að greiða fyrir öll úrræði að undanskildum úrræðum sem fela í sér ráðningar þátttakenda til vinnu. Reykjavíkurborg greiðir fyrir kostnað vegna starfsþjálfunarsamninga og reynsluráðninga.

9. gr.

Upplýsingamiðlun

Vinnumálastofnun ber ábyrgð á að miðla upplýsingum til þjónustumiðstöðva, að lágmarki á tveggja vikna fresti, um mætingar í viðtöl og úrræði á vegum Vinnumálastofnunar. Ef atvinnuleitandi mætir ekki í boðuð viðtöl og úrræði og svarar ekki síma eða tölvupósti hefur ráðgjafi VMST samband við tengilið á þjónustumiðstöð og lætur vita eins fljótt og auðið er. Mjög virkt samband skal að vera á milli þessara aðila.

10. gr.

Trúnaður og þagnarskylda

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Starfsmenn verkefnisins eru bundnir trúnaði og þagnarskyldu um öll málefni og upplýsingar er einstaklinga varðar. Þagnarskylda helst þó að samstarfi aðila ljúki og einnig þótt starfsmenn láti af störfum. Við störf sín skuldbinda aðilar sig til að hlíta skilyrðum varðandi persónuupplýsingar í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

11. gr.

Árangursmat

Gert verður stöðumat á árangri verkefnisins í maí 2016 og í framhaldi tekið ákvörðun um þróun þjónustu við atvinnuleitendur með fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg. Um úttektir fer sem segir í kröfulýsingu.

12. gr.

Vanefndir

Verði uppi ágreiningur milli aðila skulu þeir leitast við að jafna ágreining sinn. Ef um verulegar vanefndir er að ræða hjá öðrum aðila getur hinn aðilinn sagt upp samstarfinu með mánaðar fyrirvara. Vanefnd ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

13. gr.

Ágreiningsmál

Rísi mál út af samstarfssamningnum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

14. gr.

Breytingar á samningi

Samstarfsyfirlýsingur þessari verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi beggja aðila.

15. gr.

Gildistími

Um er að ræða tilraunaverkefni og tekur samstarfssamningurinn gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2016 með möguleika á endurnýjun í eitt ár. Undirritunaraðilar skulu taka ákvörðun fyrir lok október 2016 um áframhaldandi samstarf.


Reykjavík, desember 2014

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

F.h. Vinnumálastofnunar

Kröfulýsing um þjónustu og rekstur
Vinnumálastofnunar við ungt fólk með
fjárhagsaðstoð til framfærslu óháð
bótarétti í Reykjavík

Útgáfa eitt



**VINNUMÁLA
STOFNUN**



Efnisyfirlit

0	FORMÁLI	2
0.1	ÚTGÁFA OG ENDURVIKODUN	2
0.2	EFNI	2
0.3	GILDISSVIÐ	2
0.4	NOTKUN	3
0.5	HUGTÖK	3
1	REKSTUR	5
1.1	SKIPULAG, STJÓRNUN OG STARFSMENN	5
1.1.1	<i>Skipulag</i>	5
1.1.2	<i>Stjórnun, starfsmenn og ábyrgðarstöður</i>	6
1.1.3	<i>Undirverktakar</i>	7
1.1.4	<i>Kostnaður og gjaldtaka</i>	7
1.1.5	<i>Upplýsingar um þjónustu</i>	7
1.1.6	<i>Gæða- og árangursstjórnun</i>	7
1.1.7	<i>Athugasemdir, kvartanir og atvik</i>	8
1.1.8	<i>Skráning og meðhöndlun persónugagna</i>	8
1.1.9	<i>Samvinna og samráð</i>	8
1.2	EFTIRLIT	9
1.2.1	<i>Eftirlit Velferðarsviðs</i>	9
1.2.2	<i>Upplýsingaskylda</i>	10
2	ÞJÓNUSTA	11

0 Formáli

0.1 Útgáfa og endurskoðun

Þetta er fyrsta útgáfa kröfulýsingar um þjónustu Vinnumálastofnunar við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík (byggir á eldri kröfulýsingu fyrir Atvinnutorg).

Kröfulýsingin er unnin af fulltrúum skrifstofu Velferðarsviðs. Kröfur í þessu skjali eru þær almennu kröfur sem gerðar eru til þjónustu Vinnumálastofnunar (VMST) við ungt fólk með fjárhagsaðstoð til framfærslu óháð bótarétti í Reykjavík.

Þessi kröfulýsing öðlast gildi 1.01.2015

Ábyrgð á gerð kröfulýsingar er hjá Skrifstofu sviðsstjóra - deild gæða og rannsókna í samvinnu við skrifstofu ráðgjafabjónustu á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Endurskoðun og útgáfustýring lýsingarinnar er í höndum skrifstofu ráðgjafabjónustu í samvinnu við deild gæða og rannsókna á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Ef ástæða er til að breyta kröfum til þjónustunnar gerir skrifstofa ráðgjafabjónustu á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar breytingar á þessari lýsingu og gefur út nýja útgáfu í samstarfi við Vinnumálastofnun.

0.2 Efni

Í þessari lýsingu eru settar fram almennar kröfur til þjónustu Vinnumálastofnunar við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík.

Lýsingin skiptist í tvo kafla:

Í kafla 1 er fjallað um rekstur þjónustunnar og settar fram almennar kröfur sem lúta að honum, svo sem um skipulag, ábyrgðarstöður, gæða- og árangursstjórnun, upplýsingaskyldu og eftirlit.

Í kafla 2 er þjónustan við notendur skilgreind og settar fram almennar kröfur um þá þjónustu sem á að veita. Þar er fjallað sérstaklega um einstaka þætti þjónustunnar og annað sem snertir einstaklingana með beinum hætti.

0.3 Gildissvið

Þessi lýsing gegnir hlutverki kröfuskjals með lágmarkskröfum sem Velferðarsvið Reykjavíkurborg gerir til þess aðila sem tekur að sér rekstur þjónustunnar og um þá þjónustu sem hann skal veita.

Kröfulýsingin fjallar hvorki um greiðslur Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir þjónustuna né forsendur fyrir útreikningum þeirra. Um þau atriði er fjallað í sérstökum samstarfssamningi milli Vinnumálastofnunar og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

0.4 Notkun

Þær kröfur sem hér eru settar fram eru sérstaklega afmarkaðar í texta lýsingarinnar. Hver krafa hefur númer og heiti og mynda númerin eina samfellda röð, óháð kaflaskiptingu lýsingarinnar.

Lýsingin er notuð sem kröfuskjal með þjónustusamningi sem gerður er um rekstur þjónustunnar og er lögð til grundvallar þegar verkkaupi eða fulltrúar hans gera úttekt á starfseminni.

0.5 Hugtök

Í lýsingunni eru notuð ákveðin hugtök sem hafa eftirfarandi merkingu (í stafrófsröð):

Athugasemd: Það kallast athugasemd þegar úttektaraðili skráir undantekningartilvik um að ekki sé farið að tiltekinni kröfu í kröfulýsingu en jafnframt kemur í ljós að í öðrum tilvikum er þessi sama krafa uppfyllt.

Faglegur stjórnandi: Deildarstjóri á Ráðgjafar- og vinnumiðlunarsviði Vinnumálastofnunar.

Framkvæmdastjóri: Forstjóri Vinnumálastofnunar.

Frávik: Þegar úttektaraðili verður þess áskynja og skráir í úttektarskýrslu að tiltekin krafa í kröfulýsingu er ekki uppfyllt. Úttektaraðili getur einnig ákveðið að láta nokkrar athugasemdir sem hann gerir og tengjast allar sama kafla í kröfulýsingu, gilda sem eitt frávik.

Kröfulýsing: Þessi lýsing sem lýsir kröfum til úrræðisins sem um ræðir. Kröfulýsing er lögð til grundvallar úttektum.

Notendasamráð: Samráð við notanda út frá þörfum hans og hugmyndafræði um aðferð og viðmóts notendasamráðs.

Notandi: Einstaklingur búsettur í Reykjavík á aldrinum 16–29 ára sem nýtir sér þjónustu Vinnumálastofnunar óháð bótarétti.

Ráðgjafi: Starfsmaður Vinnumálastofnunar sem innir af hendi þjónustuna sem um er getið í þessari kröfulýsingu.

Ráðgjafi á þjónustumiðstöð: Starfsmaður á þjónustumiðstöð Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem innir af hendi þjónustu sem um er getið í þessari kröfulýsingu.

- Samningstími:** Sá samningstími sem verksali hefur með höndum samningsbundnar skyldur um þjónustu við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík.
- Samráðshópur:** Hópur tveggja fulltrúa Vinnumálastofnunar og þriggja fulltrúa Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem hittist reglulega til þess að sjá til þess að kröfulýsing sé uppfyllt.
- Starfsmaður:** Einstaklingur sem innir af hendi starf í viðkomandi starfsemi, hvort sem hann er launþegi verksala eða launþegi hjá undirverktaka hjá verksala.
- Tengiliðir:** Fulltrúar úr hópi Vinnumálastofnunar og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem sjá um að móta og samræma verklag og samstarf milli þjónustumiðstöðva og VMST.
- Tilvísun:** Formlegt tilvísunareyðublað á þjónustu sem unnið er af tengiliðum.
- Tilvísunaraðili:** Sá aðili sem vísar atvinnuleitanda í þjónustu Vinnumálastofnunar. Það er í öllum tilfellum ráðgjafi á þjónustumiðstöð.
- Úrræði:** Þjónusta verksala við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík.
- Úttektaraðili:** Einstaklingur sem gerir úttekt á þeirri þjónustu sem um er samið í þessari kröfulýsingu.
- Úttekt:** Kerfisbundin skoðun úttektarmanns á því hvort kröfur í kröfulýsingu séu uppfylltar.
- Verkkaupi:** Verkkaupi samkvæmt þjónustusamningi um þjónustu við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík.
- Verksali:** Verksali samkvæmt þjónustusamningi um þjónustu við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík.
- Þjónustumiðstöð:** Starfsmaður þjónustumiðstöðvar Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem innir af hendi þjónustu sem um er getið í þessari kröfulýsingu.
- Þjónustumiðstöðvar:** Sex þjónustumiðstöðvar Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.
- Þjónustusamningur:** Samningur á milli verkkaupa og verksala um þjónustu við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík.
- Þjónustusvæði:** Þjónustusvæði er Reykjavík.

1 Rekstur

Þjónustan byggir á samstafssamningi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar sem undirritaður var 01.01.2015. Hlutverk þjónustunnar er að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning fyrir alla vinnufæra atvinnuleitendur á aldrinum 16–29 ára, óháð bótarétti í Reykjavík. Áhersla skal þó lögð á að sinna fyrst og fremst þjónustu við þá sem ekki eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfis eða eru að ljúka bótarétti sínum, sé það mat aðila að viðkomandi þurfi meiri stuðning af félagslegum og/eða heilsufarslegum ástæðurn.

Þjónustan byggir á lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

1.1 Skipulag, stjórnun og starfsmenn

1.1.1 Skipulag

Faglegur stjórnandi skipuleggur starfsemina út frá umfangi og í ljósi þeirra krafna sem gerðar eru. Auk krafna í þessari kröfulýsingu þarf viðkomandi að hafa þekkingu á öðrum opinberum kröfum sem gilda hverju sinni um starfsemina og gæta þess að reksturinn sé ávallt í samræmi við þær.

1. Skipulagning

Verksali ber ábyrgð á skipulagningu og stjórnun þjónustu við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík á tilgreindum þjónustutíma eins og fram kemur í þjónustusamningi.

2. Rekstur

Verksali skal skipuleggja og annast rekstur þeirrar þjónustu sem tilgreind er í þjónustusamningi. Verksali skal reka þjónustuna í samræmi við það umfang sem þar er skilgreint og á þann hátt að kröfur sem settar eru fram í þessari lýsingu séu ætíð uppfylltar.

3. Gjaldfrjáls þjónusta

Verksala er óheimilt að taka við greiðslum frá notendum fyrir þá þjónustu sem þeir fá hjá Vinnumálastofnun eða vegna nokkurs annars kostnaðar sem þessum verkum er samfara.

4. Samræmi við ytri kröfur

Skipulag og veiting þjónustunnar skal vera í samræmi við gildandi lög, reglugerðir, reglur, fyrirmæli og skilmála yfirvalda og kjarasamninga sem eiga við um reksturinn. Faglegur stjórnandi ásamt framkvæmdastjóra skal henda reiður á því hvaða gögn af þessu tagi eru í gildi á hverjum tíma, hafa þau aðgengileg og bregðast við breytingum á þeim, án óþarfa tafa, með viðeigandi breytingum á innviðum og reglum starfseminnar.

5. Skipulag og skipurit

Tengsl starfseminnar við skrifstofu ráðgjafabjónustu á Velferðarsviði og þjónustumiðstöðvar skulu vera skýr.

6. Þjónustutími

Þjónustan við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík stendur notendum til boða á opnunartíma Vinnumálastofnunar á hverjum tíma. Opnunartími Vinnumálastofnunar er alla virka daga kl. 09.00 – 15.00 nema föstudaga þá er opnunartíminn kl. 09.00 – 13.00.

1.1.2 Stjórnun, starfsmenn og ábyrgðarstöður

7. Samráðshópur

Samráðshópur þjónustunnar er skipaður tveimur fulltrúum frá Vinnumálastofnun og þremur fulltrúum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Samráðshópur skal hittast á 4–6 vikna fresti og boðar deildarstjóri skrifstofu ráðgjafabjónustu til fundar. Meginmarkmið hópsins er að fylgjast með framþróun þjónustunnar, tryggja samfellu í þjónustunni, og tryggja innleiðingu samræmnds verklags. Hópurinn leggur mat á hvaða mælitækjum verður beitt.

Deildarstjóri hjá Vinnumálastofnun ber ábyrgð á að leggja fram gögn frá starfseminni sem sýna árangur úrræðisins m.a. fjölda notenda, mætingu og nýtingu úrræðis ásamt því að taka þátt í faglegu mati hópsins á þessum gögnum.

8. Faglegur stjórnandi þjónustu

Deildarstjóri Vinnumálastofnunar skal bera faglega ábyrgð á þróun og skipulagi starfseminnar. Jafnframt skal deildarstjóri í samvinnu við framkvæmdastjóra bera ábyrgð á heildarstýringu verkefna og annarra starfsmanna.

9. Starfsmannahald

Starfsmannahald er á ábyrgð verksala. Verksali ræður starfsfólk til starfa til að þjónusta ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík.

10. Mönnun

Deildarstjóri skal tryggja að starfsemin sé ætíð mönnuð nægilega mörgum starfsmönnum svo að hægt sé að veita þá þjónustu sem skilgreind er í þessari kröfufýsingu. Deildarstjóri skal einnig sjá til þess að þverfagleg þekking sé í teyminu sem vinnur að þjónustunni.

11. Aðrir starfsmenn

Reykjavíkurborg stendur straum af kostnaði þriggja stöðugilda ráðgjafa gegn því að Vinnumálastofnun standi straum af þremur stöðugildum á móti í þessari skilgreindu þjónustu.

12. Túlkun

Verksali skal leitast við að tryggja notendum, sem ekki tala íslensku eða nota táknmál, túlkun á upplýsingum, eftir þörfum hverju sinni.

13. Yfirlýsing um þagnarskyldu

Verksali skuldbíndur sig til að láta alla starfsmenn undirrita heit um trúnaðar- og þagnarskyldu í samræmi við lög. Einnig skulu starfsmenn, undirverktakar og hýsingaraðilar sem og nemar í starfsnámi undirrita slík heit í samræmi við lög.

1.1.3 Undirverktakar

Í þeim tilvikum sem verksali telur hagkvæmt, getur hann samið við verktaka um tiltekin verk í starfseminni. Dæmi um samning þar sem tiltekinn aðili er fenginn til að vinna sem verktaki í starfsemi undir stjórn verksala væri einhvers konar námskeið á vegum þriðja aðila.

14. Undirverktakar

Verksala er heimilt að semja við undirverktaka um að vinna tiltekin verk í starfseminni undir stjórn verksala. Gilda þá sömu kröfur um starfsmenn undirverktaka og um starfsmenn verksala. Verksali ber ábyrgð á að undirverktaki uppfylli kröfurnar sem gerðar eru í þessari lýsingu.

15. Samningur við undirverktaka

Semji verksali við undirverktaka skal vera ákvæði sem tryggir aðgengi eftirlitsaðila að starfsemi hans vegna eftirlits, sbr. kafla 1.2.

1.1.4 Kostnaður og gjaldtaka

16. Gjaldtaka

Þjónustan er notendum gjaldfrjál.

17. Kostnaður við úrræði

Um greiðslur kostnaðar við þjónustu við ungt fólk með fjárhagsaðstoð til framfærslu óháð bótarétti í Reykjavík fer samkvæmt þjónustusamningi Vinnumálastofnunar og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, þar með talin fjárveiting til úrræðisins.

1.1.5 Upplýsingar um þjónustu

18. Heimasíða

Verksali skal hafa upplýsingar um þjónustu við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík á heimasíðu Vinnumálastofnunar og uppfæra efni hennar þegar breytingar verða á starfseminni.

1.1.6 Gæða- og árangursstjórnun

19. Notendasamráð

Starfsmenn skulu líta á notandann sem mikilvægan samstarfsaðila og taka mið af þörfum og viðhorfum hans við ráðgjöf. Jafnframt skal þjónustan taka mið af gildandi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

20. Skráning

Deildarstjóri skal halda skráningu sbr. kafla 1.2.2.

21. Nýting og upplýsingagjöf

Deildarstjóri ber ábyrgð á að á 4–6 vikna fresti sé samráðshópur upplýstur um nýtingu á þjónustu. Nýtingarupplýsingar skulu vera í formi lista yfir alla notendur Reykjavíkurborgar, hvaða þjónusta var veitt og í hversu langan tíma hver og einn notandi fékk þjónustu. Einnig skulu skráð afdrif fólks sem þiggur þjónustu. Hér má horfa til skráningar í fyrri verkefnum á borð við Stíg og Atvinnutorg.

1.1.7 Athugasemdir, kvartanir og atvik

22. Meðferð athugasemda og kvartana

Berist formlega athugasemdir eða kvartanir frá notendum skal fara með þær í samræmi við vinnureglur Vinnumálastofnunar og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Jafnframt skal samráðsteymi reglulega upplýst um þær athugasemdir og kvartanir sem berast og lúta að þjónustunni og samstarfinu.

1.1.8 Skráning og meðhöndlun persónugagna

23. Tilvísun

Við upphaf þjónustu veitir notandi formlegt leyfi með undirskrift tilvísunar um að verksali fái allar þær upplýsingar sem hann telur hjálplegar við atvinnuleit hans frá viðkomandi ráðgjafa á þjónustumiðstöð.

24. Ábyrgð og umsiðun

Verksali er ábyrgðaraðili skráningar á persónuupplýsingum sem færðar eru hjá honum.

25. Öryggi persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar ungra einstaklinga í Reykjavík á vegum Vinnumálastofnunar óháð bótarétti skulu vera á rafrænu formi að því marki sem unnt er.

1.1.9 Samvinna og samráð

Verksali á aðild að samráðshópi um þjónustu við ungt fólk óháð bótarétti í Reykjavík á vegum Vinnumálastofnunar. Á vettvangi hennar er lagður grunnur að skipulagi almennrar þjónustu við ungt fólk í því skyni að efla og bæta þjónustuna í samstarfi við Vinnumálastofnun.

26. Samráðshópur

Samráðshópur þjónustunnar er skipaður tveimur fulltrúum frá Vinnumálastofnun og þremur fulltrúum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Samráðshópur skal hittast á 4–6 vikna fresti og boðar deildarstjóri skrifstofu ráðgjafaþjónustu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fundina. Meginmarkmið hópsins er að fylgjast

með framþróun þjónustunnar, tryggja samfellu í þjónustunni og innleiðingu á samræmdu verklagi.

27. Tengiliðir

Verkkaupi og verksali tilnefni fasta tengiliði úr hópi ráðgjafa hjá Vinnumálastofnun og úr hópi ráðgjafa á hverri þjónustumiðstöð. Hlutverk þeirra er að móta samræmt verklag um samstarf á milli þjónustumiðstöðva og Vinnumálastofnunar m.a. um tilvísanir og þær upplýsingar sem fram þurfa að koma í sameiginlegum viðtölum við upphaf þjónustu. Verksali og verkkaupi tryggja að tengiliðum sé skapaður samstarfsvettvangur.

1.2 Eftirlit

1.2.1 Eftirlit Velferðarsviðs

Skrifstofa ráðgjafabjónustu ber, í samvinnu við deild gæða og rannsókna á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, ábyrgð á eftirliti með framkvæmd þjónustunnar og kröfum í þessari kröfulýsingu.

Framkvæmd eftirlitsins er í formi vettvangsúttekta sem eru:

- Fyrirfram áætlaðar og tilkynntar framkvæmdastjóra eða faglegum stjórnanda.
- Fyrirvaralausar ef skrifstofustjóri á skrifstofu ráðgjafabjónustu Velferðarsviðs telur þörf á.

Skrifstofa ráðgjafabjónustu ákveður, í samvinnu við deild gæða og rannsókna á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, hvaða úttektir eru gerðar og hvaða liðir/greinar kröfulýsingar eru skoðaðar í hverri úttekt. Úttektaraðilar á vegum Velferðarsviðs sjá um framkvæmdina. Ef verksali notar undirverktaka sbr. kafla 1.1.3 getur úttektin einnig beinst að þeim.

Úttektir fara fram á vettvangi þjónustunnar, þar sem aðstæður eru skoðaðar, rætt við starfsfólk og gögn skoðuð. Niðurstöðurnar eru settar fram í úttektarskýrslu. Ef úttektaraðili finnur frávik frá kröfum eða hefur athugasemdir við starfsemina (sjá skilgreiningar í kafla 0.5) gerir hann skriflega grein fyrir þeim. Faglegur stjórnandi þarf þá að skilgreina aðgerðir til úrbóta. Viðvarandi eða ltrekuð frávik frá kröfum geta leitt til þess að verkkaupi ákveði að beita vanefndarúrræðum í samræmi við ákvæði þjónustusamnings.

28. Þátttaka í úttektum

Faglegur stjórnandi skal tryggja úttektaraðilum á vegum Velferðarsviðs aðstöðu til úttekta, bæði fyrirfram ákveðinna úttekta og fyrirvaralausra úttekta. Hann skal veita þeim óhæft aðgengi að starfsfólki vegna fyrirspurna og að öllum gögnum sem sýnt geta fram á hvort kröfum í þessari lýsingu sé fullnægt. Faglegur stjórnandi skal vera viðstaddur úttektir, sé þess óskað og aðstoða úttektaraðila við framkvæmdina, svara spurningum og leggja fram viðeigandi gögn. Að lokinni úttekt skal faglegur stjórnandi ákveða og tímasetja aðgerðir vegna frávika og athugasemda í úttektarskýrslu og framkvæma þær.

29. Úrbætur

Faglegur stjórnandi í samráði við framkvæmdastjóra skal grípa til aðgerða til þess að uppræta orsakir frábrigða, sem í ljós koma í því skyni að koma í veg fyrir endurtekningu og eftir atvikum að bæta þann skaða sem orðinn er.

30. Forvarnir

Faglegur stjórnandi í samráði við framkvæmdastjóra skal stunda skipulagðar forvarnir, þ.e. greina og meta hugsanlegar orsakir frábrigða í starfseminni og ákveða hæfilegar ráðstafanir til þess að uppræta þær.

1.2.2 Upplýsingaskylda

Framkvæmdastjóra ber að standa skil á upplýsingum um rekstur og þjónustu starfseminnar til skrifstofustjóra ráðgjafþjónustu á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

31. Árssamantekt

Verksali skal ótilkvaddur senda verkkaupa árssamantekt fyrir lok febrúar ár hvert, þar sem gerð er grein fyrir starfseminni á liðnu ári. Í árssamantekt skulu eftirfarandi upplýsingar m.a. koma fram:

1. Yfirlit yfir fjölda notenda, sundurliðað eftir kyni og aldri.
2. Sundurliðun notenda eftir stöðu atvinnuleysisbóta s.s. hve margir án atvinnuleysisbótaréttar, með hlutabótarétt og með bótarétt.
3. Meðalþjónustutími, sundurliðað eftir hve margir luku eða hættu þjónustu og afdrif þeirra s.s. hvers vegna viðkomandi hætti eða hvað tók við eftir lok þjónustu VMST.
4. Samantekt á starfsemi á liðnu ári og þeirri þjónustu sem notendum var boðið upp á, m.a. fjöldi viðtala, námskeiða, tilboð um störf og fl. þ.h.
5. Starfsmannavelta og mönnun, flokkað eftir starfsstéttum.
6. Fjöldi athugasemda, kvartana og atvika á árinu skv. kafla 1.1.7.

2 Þjónusta

Sú þjónusta, sem lýst er í þessari kröfulýsingu, er ætluð vinnufærum atvinnuleitendum á aldrinum 16–29 ára með fjárhagsaðstoð til framfærslu óháð bótarétti í Reykjavík. Áhersla verður fyrst og fremst á að sinna þjónustu við þá sem ekki eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakeifisins en úrræðið nýtist einnig þeim sem atvinnuleitendum sem þurfa sannanlega á einstaklingsmiðaðri nálgun að halda í atvinnuleitinni og hafa bótarétt.

Þjónustan felst í einstaklingsmiðaðri ráðgjöf/stuðningi ráðgjafa Vinnumálastofnunar við vinnufæra atvinnuleitendur í Reykjavík með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þjónustan getur verið í formi viðtala, mætingar í tölvuver, fræðslu, starfsþjálfunarúrræða, námskeiða eða hvers þess sem gerir einstaklinginn betur í stakk búinn til að fara út á vinnumarkaðinn í nánustu framtíð.

Tilvísanir í þjónustu Vinnumálastofnunar koma frá ráðgjöfum þjónustumiðstöðva borgarinnar og frá Vinnumálastofnun sjálfri. Starfsmenn skulu kynna sér mál hvers einstaklings og leggja mat á aðstæður í nánú samstarfi við ráðgjafa þjónustumiðstöðva í hverfum Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið þjónustunnar skal vera að aðstoða einstaklinginn við að komast í úrræði við hæfi þar sem viðkomandi er aðstoðaður og studdur við að finna hæfni sína og styrkleika, bæta samfélagsleg tengsl sín og færni sína í samskiptum og ákvarðanatöku um eigið líf. Áhersla skal vera á samvinnu og notendasamráð við þá einstaklinga sem sækja þjónustuna og þeirra væntingar séu hafðar að leiðarljósi við gerð einstaklingsáætlana.

32. Upphaf þjónustu

Þegar notandi er vísað í þjónustu skal fara fram viðtal með notanda, tilvísunaraðila og atvinnuráðgjafa. Það er mat ráðgjafa á þjónustumiðstöð hvort viðtalið fer fram á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar eða á Vinnumálastofnun. Í viðtalinu er m.a. farið yfir mætingarkröfur og starfsgetu. Við tilvísun frá þjónustumiðstöð skal afhenda starfsgetumat til ráðgjafa á Vinnumálastofnun hafi það verið fránkvæmt og allar þær upplýsingar sem taldar eru hjálplegar við atvinnuleit viðkomandi notanda.

33. Tilvísun

Ráðgjöfum þjónustunnar er einungis heimilt að þjónusta þá einstaklinga sem formlega hefur verið vísað í þjónustuna gegnum þjónustumiðstöðvar eða frá Vinnumálastofnun. Þjónustumiðstöðvar og Vinnumálastofnun geta vísað einstaklingurn í þjónustuna hvenær ársins sem er. Með undirskrift notanda við tilvísun veitir notandi formlegt leyfi um að verksali fái allar þær upplýsingar sem hann telur hjálplegar við atvinnuleit hans frá ráðgjafa viðkomandi.

34. Þjónustusvæði

Þjónustusvæðið er Reykjavík og er þjónustan aðeins í boði fyrir einstaklinga með lögheimili í Fløykjavík.

35. Reglur um ástundun

Í þjónustunni er gerð krafa um 100% mætingu og er notendum skylt að tilkynna ráðgjafa ef um forföll eða veikindi er að ræða. Ráðgjafi skal fara yfir mætingu notenda sinna mánaðarlega með viðkomandi tilvísunaraðila.

36. Aðgangur að aðkeyptum úrræðum

Verksali skal tryggja að atvinnuleitendur í þjónustunni hafi sama aðgang að aðkeyptum úrræðum Vinnumálastofnunar eins og aðrir atvinnuleitendur stofnunarinnar. Deildarstjóri ber ábyrgð á því að upplýsingar um slík úrræði berist öllum ráðgjöfum í Ráðgjafar- og vinnumiðlunarsvið VMST.

37. Þjónusta ráðgjafa

Miða skal við að sami ráðgjafi fylgi notanda í gegnum allt ferlið og að ekki sé skipt um ráðgjafa nema sérstakar aðstæður verði þess valdandi. Miða skal við að málafrjöldi á hvern ráðgjafa verið á bilinu 40-60 mál hverju sinni.

38. Viðtöl

Þjónusta ráðgjafa byggir á viðtölum og aðstoð við notendur í tölvuveri. Viðtölin þjóna þeim tilgangi að leggja mat á stöðu notenda og þar með þjónustupörf viðkomandi við atvinnuleit í tölvuveri. Í viðtölum er gerð einstaklingsáætlun með notendum og markmið sett.

39. Regluleg atvinnuleit í tölvuveri

Ein af virknikröfum notenda er regluleg atvinnuleit í tölvuveri með aðgengi að ráðgjafa.

40. Mæting og virkni

Notandi skuldbindur sig til að mæta 2-4 sinnum í viku á fyrirfram ákveðnum tíma og stimplar sig inn og út við komu og brottför.

41. Inn- og útstimplun í þjónustu

Notandi stimplar sig inn og út í þar til gert skráningarkerfi sem tengt er við Málaskrá Velferðarsviðs.

42. Eftirfylgni

Ráðgjafi skal fylgja einstaklingsáætlunum sinna notenda eftir með reglubundnum einstaklingsviðtölum. Þegar notandi hefur verið ráðinn í starfsþjálfun hjá stofnun/fyrirtæki skal ráðgjafi veita eftirfylgd og vera bæði vinnustaðnum og notandanum til ráðgjafar og eiga regluleg samtöl við báða aðila. Eftirfylgd ráðgjafa skal einnig fara fram inni á vinnustað með reglulegum heimsóknum.

43. Kynningarnámskeið

Ráðgjafar skulu halda úti kynningarnámskeiði sem hluta af þjónustunni sem öllum nýjum notendum er boðin þátttaka í. Á kynningarnámskeiði bera ráðgjafar ábyrgð á því með hópfræðslu að veita notendum nauðsynleg verkfæri í atvinnuleitinni sem auðvelda vinnuna með ráðgjöfum næstu vikur og mánuði.

44. Einstaklingsáætlun

Þegar einstaklingi hefur verið vísað í þjónustuna skal ráðgjafi eiga viðtal við viðkomandi notanda þar sem farið er yfir væntingar hans og þarfir hans og staða metin. Í kjölfarið gera ráðgjafi og notandinn formlega einstaklingsáætlun.

45. Starf með styrk / starfsþjálfun

Starfsþjálfun (með styrk) er allt að sex mánaða ráðning notanda í tiltekið verkefni/starf hjá fyrirtæki eða stofnun. Starfsþjálfun er á bilinu 50%–100% starf þar sem notandi skrifar undir ráðningarsamning og fær laun skv. kjarasamningum hverju sinni. Styrkur frá Reykjavíkurborg eða Vinnumálastofnun gengur upp í laun viðkomandi.

46. Lok þátttöku í þjónustu

Notandi lýkur þátttöku sinni í þjónustunni með því að ljúka verkefnum sínum samkvæmt gildandi einstaklingsáætlun, fá starf án styrks, fara í nám eða er vísað til baka á þjónustumiðstöð. Við lok þjónustu skal upplýsa tilvísunaraðila með tölvupósti um áhrif notanda og árangur af vinnu í þjónustu.

a. Notandi fer í starf (án styrks) eða nám

Ráðgjafi sendir tilvísunaraðila tilkynningu um að viðkomandi notandi hafi tekið starfi eða farið í nám. Tilkynningunni skal fylgja stutt samantekt um þá þjónustu sem viðkomandi notandi hefur fengið eða verið boðin. Greina þarf frá tímalengd þjónustunnar, nýting úrræðis og faglegt mat ráðgjafa á árangri vinnunnar. Tilvísunaraðili vistar greinargerð í Málaskrá Velferðarsviðs.

b. Notandi hættir þátttöku eða er vísað frá

Þegar sannanlega er fullreynt að notandi getur ekki eða nýtir sér ekki þá þjónustu sem Vinnumálastofnun biður upp á skal vísa honum til baka til tilvísunaraðila. Í þeim tilfellum þegar notanda er vísað aftur til þjónustumiðstöðvar skal ráðgjafi hafa samráð við tilvísunaraðila um þá ákvörðun. Tilkynningunni skal fylgja stutt greinargerð þar sem fram kemur saga notanda í þjónustunni. Þar þarf að koma fram lengd í þjónustu, nýting úrræðis og faglegt mat ráðgjafa á vinnunni. Tilvísunaraðili vistar greinargerð í Málaskrá Velferðarsviðs.